

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Þorlákshöfn



<b>Dags eftirlits</b>	29.11.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Tryggvi Samúelsson	<b>Staðsetning</b>	383366,97	374634,363

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók Olíudreifingar í Þorlákshöfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macheray Nagel og stóðst frárennslið það próf. Fram kom í mælingum á olíu í olíuskilju að svo virðist sem skiljan hleypi olíu í gegnum sig. Gæti verið vegna mikillar notkunar á tjöruleysi eða bilunar í skilju. Olíuskiljan var síðast þjónustuð 8. febrúar sl.

Báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðingar og hlið voru í lagi.

### Frávik frá

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.4 – Frárennsli.

### Lýsing á fráviki

Olíuskilja tapar olíu í gegnum sig. Við skoðun á skráningum í stöðinni kom fram að olíulag í olíuskilju hefur minnkað á tímabili án þess að dælt hafi verið úr henni. Rekstraraðili rannsaki hvað veldur og finni farsæla lausn á vandamálinu.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 14.12.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki nota talist frávik